



Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR - 2. september 2004

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar fimmtudaginn 2. september, 2004 í félagsheimilinu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi: Fundur með Erlendi Magnússyni um mál er varða Brimslóð 6 og 8.

Afgreiðsla: Erlendur mætti kl. 18:00. Umræður voru hreinskilnar og málefnalegar. Ákveðið var að Erlendur og byggingarfulltrúi hittist og gangi frá tillögu að lóðarmörkum fyrir Brimslóð 6 og 8 og leggi fyrir skipulags- og byggingarnefnd við fyrstu hentugleika.

2. Erindi: Frá bæjarráði varðandi Brimslóð 6 og 8.

Afgreiðsla: Frestað.

3. Erindi: Erlendur Magnússon sækir um leyfi til breytinga og endurbyggingar á húseign sinni að Brimslóð 6, Blönduósi, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

Afgreiðsla: Frestað.

4. Erindi: Tryggvi Björnsson og Ásgeir Blöndal sækja um byggingarleyfi fyrir hesthús að Arnargerði 20, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum gerðum af Sigurjóni Ólafssyni byggingameistara.

Afgreiðsla: Erindið samþykkt.

5. Erindi: Jónas Skaftason Blöndubbyggð 9, sækir um leyfi til að setja niður fjögur lítil bjálkahús á lóð sinni, samanber meðfylgjandi skissu og myndbæklingi.

Afgreiðsla: Frestað

6. Önnur mál:

Erindi: Trésmiðjan Stígandi ehf. sækir um leyfi til endurnýjunar þaks að Urðarbraut 9, Blönduósi fyrir hönd Magnúsar Ólafssonar.

Afgreiðsla: Erindið samþykkt.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

*Jón Sigurðsson
Jakob Þór Guðmundsson
Gauti Jónsson*

*Pórdís Erla Björnsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Rolf Árnason*